

Fundargerð 44. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins föstudaginn 18. mars 2022

Árið 2022, föstudaginn 18. mars kl. 10:30 kom saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Jón Kjartan Ágústsson, Pawel Bartoszek og Sveinn Pálsson.

Að auki sátu fundinn Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Skipaður hefur verið átakshópur í húsnæðismálum. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í átakshópnum eru Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og voru þau gestir á fundinum. Einnig var gestur á fundinum Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi í Reykjanesbæ, sem ásamt Guðjóni Bragasyni, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, situr í starfshópi um umbætur á lagaumhverfi skipulags- og byggingarmála f.h. sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Starfshópur um umbætur á húsnæðismarkaði - 2203007SA

Fulltrúar í átakshópi um húsnæðismál ræddu almennt um áherslur sem fram hafa komið á fundum hópsins og greindu einnig frá skipulagi vinnunnar en skipað hefur verið í fimm starfshópi sem fást við afmarkaða þætti húsnæðismála, s.s. lóðaframboð, leigumarkað, félagslegan húsnæðisstuðning, söfnun og vinnslu upplýsinga og lagaumhverfi skipulags- og byggingarmála.

Varðandi úrbætur á lagaumhverfi skipulagsmála greindi sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins frá því að það hafi verið vilji sambandsins að undirbúningur fyrir mögulegar lagabreytingar hæfist sl. haust. Af því hafi þó ekki orðið vegna kosninga og breytinga á verkaskiptingu innan stjórnarráðsins. Slík grunnvinna hefði án efa reynst gagnleg fyrir þá vinnu sem nú er að hefjast í starfshópi um lagaumhverfi.

Fundarmenn voru sammála um að vinna að góðu samráði um tillögugerðina framundan. Stefnt er að öðrum fundi í skipulagsmálanefnd fyrri hluta apríl til að fylgja málinu eftir.

2. Samkeppnismat OECD - ferðaþjónusta og byggingarstarfsemi - 2009348SA

Lögð fram samantekt um helstu niðurstöður samkeppnismats OECD varðandi byggingariðnað og ferðaþjónustu á Íslandi. Einnig lögð fram kynning frá Samtökum atvinnulífsins í tengslum við vinnu átakshóps í húsnæðismálum, þar

sem rýnt er nánar í skýrslu OECD.

Gestur fundarins undir þessum lið var Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, sem fór yfir helstu tillögur OECD um skipulagsþáttinn, sbr. 3. kafla skýrslu OECD, og mögulega nálgun varðandi breytingar á lögum og verklagi í skipulagsmálum.

Miklar umræður urðu að loknu erindi Ásdísar Hlökkar. Ábendingar sem þar komu fram munu nýtast fulltrúum sambandsins í vinnunni framundan.

Fundi var slitið kl. 12:00

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Jón Kjartan Ágústsson

Pawel Bartoszek

Sveinn Pálsson